



## Kröftugur hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi

Hagvöxtur mældist 6,6% á fyrsta fjórðungi ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Þetta er töluvert meiri vöxtur en verið hefur á síðustu fjórðungum og þarf að fara aftur til 4. ársfjórðungs 2016 til að sjá hærri tölur. Hagvöxtur var borinn uppi af vexti útflutnings, aukinni fjármunamyndun og einkaneyslu. Áhrif útflutningsins voru þó mest og voru þau til jafns við samanlögð áhrif einkaneyslu og fjárfestingar.


### Hægir á vexti einkaneyslu

Vöxtur einkaneyslu á yfirstandandi hagvaxtarskeiði náði hámarki í 10% á öðrum fjórðungi síðasta árs. Stöðugt hefur dregið úr vextinum frá þeim tíma og nam hann 5,9% á fyrsta ársfjórðungi. Eitt af athyglisverðum einkennum núverandi uppsveiflu er að vöxtur einkaneyslu hefur verið minni en vöxtur kaupmáttar yfir nær allt tímabilið. Það er fyrst nú á síðustu ársfjórðungum sem vöxtur einkaneyslu hefur reynst meiri en aukning kaupmáttar.


### Mikill kraftur í íbúðafjárfestingu

Heildarfjárfesting jókst um 11,6% á tímabilinu milli ára og var borinn uppi af aukinni atvinnuvega- og íbúðafjárfestingu. Atvinnuvegafjárfesting jókst um 7,1% en íbúðafjárfesting um 38% en mjög mikill vöxtur hefur verið í íbúðafjárfestingu á síðustu misserum. Opinber fjárfesting jókst hins vegar einungis um 2,2% sem er töluvert minni vöxtur en á öllum fjórðungum síðasta árs. Að meðaltali jókst fjárfesting hins opinbera um 22,6% á síðasta ári.


Fjárfesting í skipum og flugvélum er liður sem hefur oft töluverð áhrif á atvinnuvegafjárfestingu. Sé litið framhjá fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 5,5% og má af því ráða að fjárfesting í skipum og flugvélum hafi aukist milli ára.



Vöxtur frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands



Vöxtur frá sama tímabili árið áður



Vöxtur frá sama tímabili árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands



### Mikill vöxtur í vöruútflutningi


Útflutningur jókst um 10,2% sem er mesti vöxtur hans síðan á þriðja fjórðungi ársins 2016. Þennan mikla vöxt má rekja til 17,5% aukningar vöruútflutnings milli ára. Sú aukning var töluvert meiri en í þjónustuútflutningi sem eru töluverð tíðindi því að vöxtur þjónustuútflutnings hefur verið meiri en vöruútflutnings á síðustu árum. Fara þarf aftur til 2. fjórðungs 2014 til að finna meiri vöxt í vöruútflutningi en þjónustuútflutningi. Þennan mikla vöxt í vöruútflutningi má rekja til mikillar aukningar í útflutningi þorsks milli ára. Vöxt þorskútflutnings má að mestu rekja til grunnáhrifa en veiðar á fyrstu tveimur mánuðum síðasta árs voru mjög litlar sökum sjómannaverkfalls sem stóð yfir í janúar og febrúar á síðasta ári. Vöxtur þjónustuútflutnings var 3,5% á fyrsta fjórðungi sem er nokkuð minna en við höfum átt að venjast á síðustu misserum. Minni vöxt má rekja til þess verulega hefur hægt á vexti ferðaþjónustunnar.

### Meiri vöxtur en spáð yfir árið í heild


Hagvöxturinn á 1. fjórðungi er nokkuð meiri en opinberir spáaðilar hafa spáð að verði fyrir árið í heild. Spár liggja á bilinu 2,6-4,1% og er Landsbankinn með hæstu spánna. Spáaðilar eru sammála um að hægja muni nokkuð á hagkerfinu á næstu árum en til samanburðar var 3,6% hagvöxtur í fyrra en 7,5% hagvöxtur árið 2017.

Einn fjórðungur segir ekki mikið um endanlegan hagvöxt yfir árið í heild og því enn ómögulegt að segja hvaða spáaðili verður næstur endanlegri tölu.

Vöxtur útflutnings



Spár um hagvöxt 2018





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.